

66. fundur stjórnar Kraft, kl 12:15.

Mættir: Gry, Rósa, Borghildur, Alex Orri og Ása. Fjarverandi voru Kári og Róbert Kjaran.

1. Þjálfararáð.

Farið var yfir verklagsreglur og breytingar ræddar.

Breytingar voru eftir farandi: Ákveðið að taka út úr reglum ákvæði um framkvæmdsanefnd.

Þess í stað bera formaður, varaformaður og ritari þjálfararáðs ábyrgð á upplýsingaflæði til

þeirra sem í ráðinu sitja. Tillögur samþykktar af meirihluta stjórnar sem fundinn situr.

Ása tekur að sér að setja þessar breytingar inn og sendir stjórnarmönnum til skoðunar. Tillaga um að þjálfararáð enduskoði landsliðs lánörk og viðmið í haust.

2. Landsliðsnefnd.

Skípa þarf nýja nefnd. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum. Fomanni, varaformanni og ritara.

Fundurinn sammála um að gjaldkeri Kraft verður að sitja í landsliðsnefnd, einn alþjóðadómari

og einnig varaformaður Kraft. Þannig að nefndin væri þannig skipuð: Formaður nefndar yrði

Gry, Alex Orri ætti sæti þar og einnig Helgi Hauksson dómari. Skoðast þetta samþykkt á fundi

með fyrirvara um að Helgi fallist á setu í nefndinni.

Verklagsreglur ræddar. Hugmynd um að nota netfangið coach@kraft.is til að halda utan um

tillögur og bréf til nefndarinnar. Tillögur að breytingum reglna samþykktar af fundarmönnum.

Ása tekur að sér og breytir tillögum og sendir stjórnarmönnum til skoðunar.

3. Skýrsluskil eftir mót.

Vinnureglur.

Formaður heyrir í keppendum og mótshöldurum sem gefa upplýsingar um mótið í heild með

einhverskonar skýrslugjöf. Nánari útfærsla rædd síðar.

Tillaga samþykkt.

4. Mótaskrá.

Tvær breytingar eru gerðar.

Tillaga um að í september verði haldin þrjú mót á einni helgi.

ÍM í búnaði sem tillaga var um að færi fram 29. og 30. Maí myndi færast fram til 24. apríl þar

sem hin dagsetningin þótti of seint með tilliti til annarra móta.

Mótaskrá 2017 skoðast og telst samþykkt af stjórnarmeirihluta á fundi.

5. Önnur mál.

Viðræður við Maríu guðsteins um stöðu starfsmanns Kraft eru í gangi og telst líklegt að hún

geti sinnt því í 20 tíma á mánuði í 3 mánuði til reynslu.

Fundur þjálfararáðs ræddur. Gry tekur að sér að sjá um hann laugardaginn 11. 6. 2016.

Fundi slitið kl 14:30.